

Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 25. fundar
Reykjavík 27. apríl 2012

Föstudaginn 25. apríl 2012 var haldinn tuttugasti og fimmti fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Dagur B. Eggertsson	Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogi
Rannveig Ásgeirsdóttir	Kópavogi
Gunnar Einarsson	Garðabæ
Erling Ásgeirsson	Garðabæ
Guðmundur Rúnar Árnason	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Haraldur Sverrisson	Mosfellsbæ
Pálmi Másson	Álftanesi
Kristinn Guðlaugsson	Álftanesi
Adam Finnsson	Kjósarhreppi
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Hörður Jóhannesson	Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH)

Áheyrnarfulltrúar voru Borgþór Hjörvarsson frá björgunarsveitum á svæðinu og Hermann Guðmundsson frá RKÍ.

Fundinn sátu einnig þeir Birgir Finnsson frá SHS, Egill Bjarnason frá LRH og S. Björn Blöndal frá Reykjavíkurborg.

Auk þess sátu fundinn undir liðum 2. til 4. þær Guðrún Jóhannesdóttir og Íris Marelsdóttir frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.

Fundarstjóri: Guðmundur Rúnar Árnason.

Fundarritari: Birgir Finnsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð síðasta fundar..

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 24. fundar almannavarnanefndar 21. október 2011.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir

2. Áhættuskoðun almannavarna, helstur niðurstöður fyrir allt landið.

Guðrún Jóhannesdóttir frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fór yfir skýrslu um áhættuskoðun almannavarna fyrir allt landið (2011) og niðurstöður hennar. Fundarmenn höfðu fengið skýrsluna senda til sín rafrænt.

Afgreiðsla: Kynning.

3. **Hjálparlið almannavarna, nýir samningar**

Íris Marelsdóttir frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fór yfir samninga og samkomulög sem Ríkislögreglustjóri hefur gert við hjálparlið vegna almannavarna sbr. 8. grein laga um almannavarnir 82/2008. Um er að ræða einn heildarsamning og samkomulög við Rauða Kross Íslands og Slysavarnarfélagið Landsbjörg.

Eftirfarandi lagt fram:

- Samningur Ríkislögreglustjóra við Rauða kross Íslands og Slysavarnarfélagið Landsbjörg um hlutverk þeirra í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna. Dags. 07.03.12.
- Samkomulag Ríkislögreglustjóra við Rauða kross Ísland um hlutverk í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna. Dags. 07.03.12.
- Samkomulag Ríkislögreglustjóra við Slysavarnarfélagið Landsbjörg um hlutverk í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna. Dags. 07.03.12.

Afgreiðsla: Kynning.

4. **Fyrirkomulag og samstarf hjálparliða og almannavarnanefnda**

Íris fór yfir vinnu við samkomulög varðandi hjálparliða í héraði, en óskað hefur verið eftir því að sett verði saman ritnefnd í öllum fimmtán lögregluembættunum. Ritnefndirnar verða kallaðar saman í maí og stefnt er að verklokum í október.

Afgreiðsla: Birgir Finnsson frá SHS verður fulltrúi nefndarinnar í ritstjórn vegna samninga við hjálparlið á höfuðborgarsvæðinu.

Fundi slitið kl. 09:00

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.

Fylgiskjöl:

- Fundargerð 24. fundar almannavarnanefndar 27. október 2011.
- Samningur Ríkislögreglustjóra við Rauða kross Íslands og Slysavarnarfélagið Landsbjörg um hlutverk þeirra í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna. Dags. 07.03.12.
- Samkomulag Ríkislögreglustjóra við Rauða kross Ísland um hlutverk í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna. Dags. 07.03.12.
- Samkomulag Ríkislögreglustjóra við Slysavarnarfélagið Landsbjörg um hlutverk í heildarskipulagi hjálparliðs vegna almannavarna. Dags. 07.03.12.